



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 3. mars 2023

Tilvísun: 2023020109

Alþingi
Kirkjustræti
150REYKJAVÍK

Efni: Umsögn embættis ríkislögreglustjóra um frumvarp til sóttvarnalaga 529. mál.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur farið yfir frumvarp til sóttvarnalaga og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemd.

Athugasemd embættis ríkislögreglustjóra

Í 2. mgr. 32. gr. er lögfest heimild fyrir lögreglustjóra til þess að vísa útlendingi úr landi við komu til landsins og innan sjö sólahringa frá komu viðkomandi til landsins hafi viðkomandi neitað því að verða við fyrirskipuðum sóttvarnaráðstöfunum eða grunur sé um að hann hunsí þær.

Með breytingu á landamæralögum nr. 136/2022 var lögfest heimild í k. lið 106. gr. laga um útlendinga til þess að vísa útlendingi frá landi vegna almannaheilbrigðis. Um var að ræða innleiðingu á e-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399 um för fólks yfir landamæri (Schengen landamæraegllurnar). Ákvæðið kveður á um að eitt af skilyrðum fyrir komu útlendings til landsins sem telst hvorki EES- eða EFTA-borgari, er að hann teljist ekki ógn við almannaheilbrigði. Séu komuskilyrði ekki uppfyllt er heimilt að vísa útlendingi frá landi skv. 14. gr. sömu reglugerðar. Með ógn við almannaheilbrigði er átt við hvern þann sjúkdóm sem getur valdið farsótt eins og skilgreint er í alþjóðlegaheilbrigðisreglugerðinni af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni sem og aðrir smitsjúkdómar og smitandi sjúkdómar af völdum sníkjudýra í samræmi við ákvæði laga um sóttvarnir. Sem þátttakandi í Schengen-samstarfinu var Ísland skuldbundið til að innleiða þessa frávísunarheimild í íslenskan rétt og var brugðist við því með fyrirnefndri lagasetningu.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Með vísun til framangreinds leggur embætti ríkislögreglustjóra til að vísað verði til umrædds k. liðar 106. gr. útlendingalaga í fyrrnefndri 2. mgr. 32. gr. frumvarps til sóttvarnarlaga svo gætt sé að samræmi frumvarpsins við gildandi lög.

F.h. RLS



Kristín Alda Jónsdóttir